

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 465/1991.

Kristján Óli Hjaltason

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Kristni Sigurjónssyni

(Jón G. Zoëga hrl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarbréf. Vottar. Prókúra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1991. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar aðallega á því, að Þórey Hvanndal, sem undirritaði skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, hafi ekki haft heimild til að skuldbinda aðalskuldarann, Franska vörulistann hf., á skuldabréfinu, þar sem prókúruumboðið hafi ekki verið í höndum hennar einnar, heldur sameiginlega í höndum hennar og stjórnarformanns félagsins. Í tilkynningu Franska vörulistans hf. til Hlutfélagaskrár stendur: „Prókúruumboð: Þórey Hvanndal og Jóna Jóhannsdóttir.“ Ekki er unnt að túlka tilkynninguna á þann veg, að prókúruumboð félagsins væri sameiginlega í höndum Þóreyjar Hvanndal, framkvæmdastjóra félagsins, og Jónu Jóhannsdóttur, stjórnarformanns félagsins, heldur verður að líta svo á, að hvor um sig hafi haft sjálfstæða prókúru. Af þessu leiðir, að Þórey Hvanndal hafði lögformlega heimild til útgáfu skuldabréfsins.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi kröfur sínar á því, að skuldabréfið hafi aldrei orðið gilt viðskiptabréf, hvorki að efni né formi, þar sem engir vottar voru á bréfinu, þótt svo sé mælt fyrir um í 11. tölulið þess. Áfrýjandi hefur viðurkennt að hafa undirritað skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Kom það því eigi að sök, þótt undirskrift hans væri ekki vottfest.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um annað en málskostnað. Eins og málatilbúnaði stefnda var háttað í héraði, þykir eftir atvikum rétt, að áfrýjandi greiði stefnda samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og hefur þá eigi verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Kristján Óli Hjaltason, greiði stefnda, Kristni Sigurjónssyni, samtals 350.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Garðabæjar 4. október 1991.

Mál þetta höfðaði Jón Egilsson hdl. f.h. Kristins Sigurjónssonar, kt. 081054-5099, Furugerði 9, Reykjavík, með áskorunarstefnu, út gefinni 6. desember 1990, á hendur Jónu Jóhannsdóttur, kt. 260558-5609, Hólabraut 1, Hrísey, sem stjórnarformanni f.h. Franska vöruhistans, kt. 630189-2099, Hjallahrauni 8, Hafnarfirði, Úlfari Nathanaelssyni, kt. 140832-4139, Mávanesi 2, Garðabæ, Kristjáni Óla Hjaltasyni, kt. 010242-3559, Holtsbúð 59, Garðabæ, og Sigurjóni Guðbjörnssyni [Guðjónssyni segir ranglega í stefnu, en í birtingarvottorði er föðurnafn rétt], kt. 300538-4019, Grænási 2, Keflavíkurflugvelli.

Málið var þingfest 12. febrúar 1991. Við þingfestingu var mætt af hálfu stefnda Kristjáns Óla og tekið til varna, en ekki var mætt af hálfu annarra stefndu.

Stefna var birt Jónu Jóhannsdóttur f.h. Franska vöruhistans hf. 31. janúar 1991, Kristjáni Óla Hjaltasyni 21. janúar 1991 og Sigurjóni Guðbjörnssyni 1. febrúar 1991. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að Úlfari Nathanaelssyni hafi verið birt stefna.

Málið var tekið til dóms að loknum aðalflutningi 16. september sl.

Dómkröfur.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða sér kr. 2.059.688,00 auk [nánar tilgreindra dráttarvaxta svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda Kristjáns Óla Hjaltasonar eru þessar:

Aðallega að málinu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málsatvik.

Stefnt er vegna handhafaskuldabréfs með sjálfskuldarábyrgð, og hefur stefnandi lagt það fram. Bréfið er á stöðluðu formi. Dagsetning útgáfu þess er 21.3. 1990, en talan 3 er þannig að hún hefði getað verið skrifuð ofan í aðra tölu. Skuldari og útgefandi er Franski vörulistinn hf., kt. 630189-2099, og hefur Þórey Hvanndal gefið bréfið út fyrir hönd félagsins. Sjálfskuldarábyrgðarmenn eru þrír, stefndu Úlfar, Kristján Óli og Sigurjón. Fjárhæð bréfsins er 1.950.000,00. Lánstími er þrír mánuðir og átti skuldin að greiðast með einni greiðslu 21. maí 1990. Vextir skyldu greiðast frá 21. febrúar 1990 og vera 22,5% ársvextir. [Í stefnu segir að bréfið sé út gefið 21.03. 1990, og skuli vextir, 22,5% ársvextir, reiknast frá útgáfudegi bréfsins. Höfuðstóll dómkröfu er þó miðaður við að upphafsdagur vaxta sé 21. febrúar 1990.] Í prentuðum texta bréfsins segir í 4. tl. að verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana og vaxta á réttum gjalddögum, skuli greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt sé handhafa heimilt, ef vanskil séu veruleg, en með verulegum vanskilum sé átt við 15 daga vanskil eða lengri, að fella skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar. Þá segir í 9. tl., að mál út af skuld þessari megi reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Í 10. tl. er skráð að sjálfskuldarábyrgðin gildi jafnt þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftari uns skuldin sé að fullu greidd og að öll önnur ákvæði skuldabréfsins gildi gagnvart sjálfskuldarábyrgðaraðilum. Í 11. tl. segir að til staðfestu undirriti skuldari og sjálfskuldarábyrgðaraðilar bréf þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta. Engir vottar eru á bréfinu.

Í stefnu segir að ekkert hafi verið greitt upp í skuld skv. bréfinu þrátt fyrir ítrekanir [svo], og hafi bréfið verið í gjalddaga fellt miðað við 21.05. 1990 skv. ákvæðum þess, að eftirstöðvum kr. 2.059.688,00 með vöxtum, sem er stefnufjárhæðin. Stefnandi hefur lagt fram afrit af innheimtubréfi vegna skuldabréfsins, dags. 20. nóvember 1990. Það er stílað á Jónu Jóhannsdóttur, Hólabraut 1, Hrísey, f.h. Franska vörulistans hf., en afrit, er skráð, að send séu sjálfskuldarábyrgðarmönnum Kristjáni Óla Hjaltasyni og Sigurjóni Guðjónssyni [svo]. Ekki kemur fram að sjálfskuldarábyrgðarmanninum Úlfari Nathanaelssyni hafi verið sent afrit.

Málsástæður og lagarök.

Í stefnu segir að stefnandi byggji kröfur sínar á 17. kafla laga nr. 85/1936, lögum nr. 50/1988 og svo ákvæðum skuldabréfsins sjálfs. Í greinargerð stefnanda segir að um málsmeðferð fari skv. 17. kafla einkamálalaga nr. 85/

1936, sbr. heimild í 3. tl. 207. gr. Þær varnir komist einar að sem taldar séu upp í 208. gr. eml. Stefnandi heimili alls engar frekari varnir.

Stefnandi heldur því og fram í greinargerð að skuldabréfið uppfylli fullkomlega þau skilyrði sem sett eru í 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Hér sé kafið um greiðslu skv. skuldabréfi og samið hafi verið um að mál út af skuldinni mætti reka skv. 17. kafla eml. og sé sá samningur skráður í 9. tl. skuldabréfsins. Í málflutningi kom fram af hálfu stefnanda að enginn vafi væri á því, að hér væri um skuldabréf að ræða skv. umræddri 207. gr. eml., þar sem væri einhliða skrifleg yfirlýsing skuldara um skyldu hans til að greiða peningagreiðslu. Skipti ekki máli í þessu sambandi, að ekki væru vottar á bréfinu. Í 207. gr. væru engin ákvæði um nauðsyn votta. Stefnandi bendir á að fyrir liggi viðurkenning stefnda Kristjáns Óla á því að hafa ritað nafn sitt á bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Það geti ekki verið vörn í þessu máli, sem rekið sé skv. 17. kafla eml., hvort stefndi Kristján Óli hafi ritað nafn sitt á bréfið fullskrifað eða ekki. Og viðskiptin að baki bréfinu komi máli þessu að sjálfsgöðu ekkert við.

Þá segir enn í greinargerð stefnanda að skuldabréfið sé gefið út af Franska vöru-listanum hf. og hafi stjórnarformaður þess ekki mótmælt umboði þess er gaf það út fyrir hönd hlutafélagsins. Verði að líta svo á að hið stefnda hlutafélag kannist við skuldbindinguna og sætti sig við dóminn þar sem það hafi ekki getað greitt á gjalddaga. Þórey Hvanndal, sem gefið hafi bréfið út, hafi haft prókúru fyrir hlutafélagið þegar hún undirritaði bréfið. Prókúruumboð hennar hafi ekki verið afturkallað með tilkynningu til Hlutafélagaskrár fyrr en 1. júní 1990. Í málflutningi hélt stefnandi því fram að ekki ætti að skipta máli þótt um heimildarskort væri að ræða, vörn á því byggð kæmist ekki að skv. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Í greinargerð stefnda Kristjáns Óla Hjaltasonar er því haldið fram að skuldabréfið, sem stefnandi byggir á, sé hvorki gilt að formi né efni. Það sé ekki réttilega út gefið, og engir vottar séu að útgáfu þess eða öðrum undirskriftum. Stefnandi hafi því ekki sannað þær staðreyndir sem hann byggir á. Stefndi bendir á, að samkvæmt skuldabréfinu sé það út gefið 21. mars 1990. Þetta komi ekki heim við fram lagða tilkynningu til Hlutafélagaskrár um afturköllun á prókúruumboði Þóreyjar Hvanndal, en hún sé dagsett 21. febrúar 1990. Í málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnda Kristjáns Óla, að Þórey Hvanndal hefði ekki haft heimild til að skuldbinda Franska vöru-listann hf. með undirskrift sinni, þar sem hún hefði haft prókúruumboð einungis ásamt öðrum stjórnarmanni, Jónu Jóhannsdóttur.

Stefndi byggir á því að skuldabréfið hafi ekki gildi slíks bréfs, þar sem útgáfa þess sé marklaus og hvorki skuldbindandi fyrir stefnda Franska vöru-

listann hf. né Póreyju Hvanndal persónulega. Þegar af þeirri ástæðu sé stefndi Kristján Óli sem og aðrir ábyrgðarmenn ekki ábyrgir fyrir skuldinni, sem ekki hafi verið til stofnað. Í málflutningi var því haldið fram af hálfu stefnda Kristjáns Óla, að í útivist stefnda Franska vörulistans hf. gæti alls ekki falist viðurkenning hans á skuldinni skv. skuldabréfinu.

Stefndi heldur því fram í greinargerð sinni að hann hafi að vísu ritað nafn sitt á umrætt bréf, en það hafi þá ekki borið með sér nafn skuldara, útgáfudag, útgáfustað eða útgefanda. Engir vottar hafi verið að undirskrift hans og hún hafi ekki átt að taka gildi né getað það, fyrr en sá aðili, sem fór fram á nafnritun hans, stefndi Úlfar Nathanaelsson, kæmi með bréfið útfyllt að því leyti, en þá skyldi nafnritun stefnda staðfest með vottum. Stefndi Úlfar hafi síðan notað bréfið með öðrum hætti en honum var heimilt. Stefndi Kristján Óli hefur gefið skýrslu fyrir dómi og haldið þar hinu sama fram. Telur stefndi að stefnandi verði að bera allan halla og áhættu af því að bréfið sé ekki skuldbindandi sökum þeirra veigamiklu ágalla sem á því séu.

Stefndi byggir á því að mál þetta verði ekki rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936. Því beri að vísa því frá dómi.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því að stefnandi geti ekki reist kröfur sínar á lagareglum um skuldbindingargildi viðskiptabréfa, einkum af þeim ástæðum sem að framan er lýst, svo og almennum reglum kröfuréttarins. Verði ekki á frávísunarkröfuna fallist, komi þær varnir til efnislegrar meðferðar, m.a. af þeirri ástæðu að stefnanda beri að sanna þær staðreyndir sem hann byggir á.

Málskostnaðarkröfu sína og kröfu um vexti á málskostnað byggir stefndi á XII. kafla laga nr. 85/1936, einkum á ákvæðum 175. og 177. gr. svo og 21. og 22. gr. laga nr. 54/1988 um breytingu á þeim lögum, m. a. varðandi álag á málskostnað, III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, og lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum, en stefndi sé ekki virðisaukaskattsskyldur aðili.

Í málflutningi sínum við aðalflutning málsins benti lögmaður stefnda Kristjáns Óla á ýmsa annmarka sem hann taldi vera á stefnu og birtingu stefnu fyrir öðrum stefndu en umbjóðanda hans. Taldi hann suma þessa annmarka svo alvarlega að leiða ættu til frávísunar málsins án kröfu.

Um rekstur málsins.

Eftir úthlutun máls þessa til héraðsdómara var fyrst þingað í því 10. apríl á þessu ári. Var þá ákveðinn munnlegur málflutningur um frávísunarkröfu stefnda Kristjáns Óla, og fór hann fram 22. apríl. Hinn 30. apríl var frávísunarkröfunni hrundið með úrskurði. Er hann með forsendum, og segir þar,

að að áliti dómara sé skjal það, dómskjal nr. 2, sem um sé deilt í málinu, skuldabréf og uppfylli skilyrði 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Með málið beri því að fara að kröfu stefnanda eftir ákvæðum 208. gr. nefndra laga. Ályktunarorðið hljóðar svo: „Synjað er kröfu stefnda Kristjáns Óla Hjaltasonar um frávísun málsins. Með mál þetta verður farið eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Ákvörðun um málskostnað bíður dóms í máli þessu.“

Næst var þingað í málinu 3. maí. Lögmaður stefnda lagði þar fram bréf sitt til Rannsóknarlögreglu ríkisins, þar sem hann óskaði opinberrar rannsóknar á áritun og meðferð skuldabréfsins. Óskaði lögmaðurinn eftir frestun málsins meðan rannsókn sú færi fram. Einnig var þess krafist að í málinu færu fram skýrslutökur. Var þess óskað að stefndi Kristján Óli gæfi skýrslu fyrir dóminum svo og stefndi Úlfar Nathanaelsson og stefndi Sigurjón Guðbjörnsson og leidd yrðu tvö vitni, Þórey Hvanndal og Svala Brjánsdóttir. Stefnandi mótmælti óskum og kröfum stefnda í þessum eignum. Var málinu frestað til flutnings og úrskurðar um fram kominn ágreiningur til 15. maí.

Í þinghaldi 15. maí lá fyrir synjun Rannsóknarlögreglu ríkisins við beiðni lögmans stefnda um opinbera rannsókn. Lögmaðurinn lagði þá fram afrit af bréfi til embættis ríkissaksóknara, þar sem farið var fram á að synjuninni yrði hrundið. Óskaði hann enn eftir frestun málsins. Með úrskurði hafnaði dómari þeirri ósk. Var þá tekinn til meðferðar ágreiningur um hvort teknað skyldu skýrslur af þremur stefndu og tveimur tilgreindum vitnum. Var kveðinn upp úrskurður um ágreininginn. Var hann með forsendum, og segir þar m.a.: „Í 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936 felst, að varnir skv. þeirri grein verði ekki sannaðar með skýrslutökum. Vegna þessa og með vísan til 115. gr. sömu laga verða ekki leidd vitni í máli þessu né teknað skýrslur af stefndu Kristjáni, Úlfari og Sigurjóni.“ Úrskurð þennan kærði stefndi Kristján Óli til Hæstaréttar. Með dómi, upp kveðnum 13. júní 1991, hratt Hæstiréttur úrskurðinum. Segir m.a. í forsendum dómsins: „Sóknaraðili byggir í greinargerð í héraði á því að framlagt skuldabréf sé hvorki gilt að formi né efni. Það sé ekki réttilega út gefið og engir vottar séu að útgáfu þess eða öðrum undirskriftum. Samkvæmt 3. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 1. og 2. mgr. sömu greinar komast þessar varnir að í málinu og er sönnunarfærsla um þær heimil.“

Með bréfi lögmans stefnda Kristjáns Óla til dómara, dags. 11. júlí 1991, lá fyrir að embætti ríkissaksóknara hafi synjað beiðni um opinbera rannsókn á áritunum á skuldabréfið og meðferð þess.

Niðurstöður.

Frammi liggur í málinu frumrit áskorunarstefnu með árituðu vottorði stefnuvotta Hríseyjarhrepps um birtingu fyrir Jónu Jóhannsdóttur f.h.

stefnda Franska vörulistans hf. Annað frumrit hefur ekki verið lagt fram né heldur afrit, svo sem boðið er í 229. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988.

Á nefndu frumriti stefnunnar er vélritað efst til hægri á 1. bls.: „Nr. 1. Lagt fram í bæjarþingi Garðakaupstaðar 15/1 1991“. Yfir dagsetninguna „15/1“ hefur verið strikað með penna og handskrifað í staðinn „12.02“. Á sama hátt hefur í niðurlagi stefnunnar á bls. 2 verið breytt þingfestingardegi. Yfir vélrituðu orðin „15. janúar“ hefur verið strikað og handskrifað í staðinn „12. febr.“. Neðan við texta stefnunnar og ofan við birtingarvottorð hefur verið handskrifað: „Leiðrétt dags. G.B.“ Ekki er upplýst hver þetta hefur skráð né hvenær það var gert.

Þar sem óvíst er hver breytti ákvörðun um þingfestingardag í stefnu eða hvenær sú breyting var gerð eða hvort hún var kunn stefndu Jónu Jóhannsdóttur f.h. Franska vörulistans hf., verður að vísa kröfum stefnanda á hendur þessum stefnda frá dómi án kröfu.

Í málinu liggur frammi vottorð um að stefnda Sigurjóni Guðbjörnssyni hafi verið birt stefna 1. febrúar 1991, en stefnan fylgir ekki með vottorði þessu hvorki í frumriti né í afriti. Er hér um að ræða brýnt brot á 229. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 26. gr. laga nr. 54/1988, og einnig á 1. ml. 1. mgr. 92. gr. sömu laga, sbr. 24. gr. laga nr. 28/1981. Verður ekki séð hvernig sú stefna var sem stefnda Sigurjóni var birt. Ber því að vísa kröfum stefnanda á hendur honum frá dómi án kröfu.

Ekki verður séð af skjölum málsins að stefnda Úlfari Nathanaelssyni hafi verið birt stefna. Verður kröfum stefnanda á hendur honum vísað frá dómi án kröfu.

Í málinu liggja frammi tvö vottorð um birtingu stefnu á hendur stefnda Kristjáni Óla Hjaltasyni. Honum er fyrst birt stefna 2. janúar 1991 og síðan aftur 21. sama mánaðar. Birtingarvottorðum þessum fylgir ekki stefna hvorki í frumriti né í afriti. Sem fyrr segir er hér um að ræða brot á 229. og 92. gr. einkamálalaga. Brot þetta má þó ekki varða frávisun málsins að því er stefnda Kristján Óla varðar, þar sem mætt var af hans hálfu við þingfestingu málsins og lögmaður hans upplýsti við munnlegan málf lutning að hann hafði við stefnubirtingu fengið í hendur afrit stefnu þar sem þingfestingardagur var skráður 12. febrúar 1991. Málið er svo vaxið að telja verður að það hafi verið höfðað á hendur stefnda Kristjáni Óla með framlagningu stefnu í dóm 12. febrúar 1991.

Ekki verður fallist á þá málástæðu stefnda Kristjáns Óla, að skuldabréfið, sem um er deilt, hafi ekki gildi slíks bréfs og mál þetta verði því ekki rekið skv. XVII. kafla laga nr. 85/1936 og beri að vísa því frá dómi. Hér er

um að ræða skriflega yfirlýsingu, þar sem skuldarinn, Franski vörulistinn hf., viðurkennir einhliða skyldu sína til að greiða tiltekna peningagreiðslu. Í texta hennar er tekið fram að mál út af skuldinni megi reka samkvæmt ákvæðum XVII. kafla nefndra laga. Dómari álitur vafalaust að yfirlýsing þessi sé skuldabréf og uppfylli þau skilyrði sem sett eru í 3. tl. 207. gr. laga nr. 85/1936. Geti ekki skipt máli í þessu sambandi, að ekki séu vottar á bréfinu. Rétt sé því að rekstur máls þessa fari eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, og beri að synja kröfu stefnda Kristjáns Óla um frávísun, að því er hann varðar.

Frávísun krafna stefnanda á hendur stefndu Franska vörulistanum hf., Sigurjóni Guðbjörnssyni og Úlfari Nathanaelssyni á ekki að valda því, að málinu sé vísað frá dómi að því er varðar stefnda Kristján Óla. Skuldin skv. skuldabréfinu er í gjalddaga fallin, og handhafa bréfsins, þ.e. stefnanda, er í sjálfsvald sett, hvort hann beinir innheimtu hennar að aðalskuldara eða sjálfskuldarábyrgðaraðilum, einum þessara aðila eða fleiri in solidum. Verður því dæmt efnislega um kröfur stefnanda á hendur stefnda Kristjáni Óla, þótt málinu sé vísað frá dómi að því er aðra stefnu varðar.

Lagt hefur verið fram í málinu ljósrit tilkynningar frá stefnda Franska vörulistanum hf. til Hlutfélagaskrár, dags. 19. október 1989. Hlutfélagaskrá hefur mótttekið tilkynninguna 2. nóvember s.á. Samkv. henni er Jóna Jóhannsdóttir stjórnarformaður, varaformaður er Þórey Hvanndal, en meðstjórnandi Svala Brjánsdóttir. Enn fremur stendur í tilkynningunni: „Framkvæmdastjórn: Þórey Hvanndal. Prókúruumboð: Þórey Hvanndal og Jóna Jóhannsdóttir“. Undir tilkynninguna rita Þórey Hvanndal og Svala Brjánsdóttir. Einnig hefur verið lögð fram tilkynning, dagsett 21. febrúar 1990, en móttækin af Hlutfélagaskrá 1. júní s.á. Í henni tilkynna Þórey Hvanndal og Svala Brjánsdóttir að þær hafi sagt sig úr stjórn Franska vörulistans hf., og afturkallað er prókúruumboð Þóreyjar Hvanndal.

Svala Brjánsdóttir og Þórey Hvanndal hafa báðar komið fyrir dóminn sem vitni. Þórey skýrir svo frá að hún muni vel eftir að hafa gefið út skuldabréfið. Það hafi verið 21. febrúar 1990. Dagsetninguna muni hún glögg, því að sama dag, eftir að hún gaf út skuldabréfið, hafi þær Svala undirritað tilkynninguna til Hlutfélagaskrár um úrsögn úr stjórn Franska vörulistans hf. Dregist hafi síðan að koma þeirri tilkynningu til Hlutfélagaskrár. Vitnið Þórey bar það einnig að þegar hún gaf út bréfið hafi verið skráður á það allur hinn vélritaði texti, en nöfn sjálfskuldarábyrgðarmanna hafi ekki verið komin á bréfið.

Svo sem fyrr er getið lítur mánaðartala dagsetningar skuldabréfsins, 3, svo út að hún hefði getað verið rituð ofan í aðra tölu. Vitnisburður Þóreyj-

ar Hvanndal um útgáfudag bréfsins var skýr og ótvíræður. Breyting sú á útgáfudeginum, sem hér um ræðir, getur þó ekki breytt neinu um niðurstöðu þessa máls.

Þegar Þórey Hvanndal gaf út skuldabréfið f.h. Franska vörulistans hf., hafði hún til þess formlega löglega heimild sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi. Ekki skiptir þetta þó máli fyrir úrslit málsins, þar sem heimildarskortur er ekki meðal þeirra varna sem að komast í málinu skv. 208. gr. laga nr. 85/1936.

Framburður vitnisins Þóreyjar Hvanndal um tímaröð nafnritana á skuldabréfið er á annan veg en skýrsla stefnda Kristjáns Óla. Verður ekki úr því skorið hvor frásögnin er réttari, enda telur dómari úrslit málsins ekki eiga að velta á því. Stefndi Kristján Óli hefur kannast við nafnritun sína á skuldabréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður. Með þeirri nafnritun tók hann á sig greiðsluábyrgð á skuldarfjárhæð bréfsins. Getur það ekki valdið ógildi þessarar nafnritunar, að hún var ekki vottuð, svo sem 11. tl. í prentuðum texta bréfsins gerir ráð fyrir. Samkvæmt texta bréfsins skulu vottarnir bera um dagsetningu, fjárræði og undirskriftir aðila. Í máli þessu þarf ekki slíkra votta við. Breytir heldur engu um þetta í þessu máli, hver verið hafa lögskipti að baki útgáfu bréfsins eða hvað stefndu Kristjáni Óla og Úlfari hefur talast til um notkun þess.

Samkvæmt því, er nú hefur verið ritað, verður stefndi Kristján Óli Hjaltason dæmdur til að greiða stefnanda stefnukröfuna, kr. 2.059.688,00, að viðbættum þeim vöxtum sem stefnandi krefst, að öðru leyti en því að 21% ársvextir af stefnukröfu verða dæmdir frá 1. október 1990 til þingfestingardags, 12. febrúar 1991. Kröfufjárhæðinni eða vaxtakröfu stefnanda hefur ekki verið mótmælt tölulega. Þá ber að dæma stefnda Kristján Óla til að greiða stefnanda málskostnað, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 303.300,00, og þar af er málflutningsþóknun lögmanns stefnanda kr. 300.000,00. Felst í þeirri fjárhæð þóknun lögmanns stefnanda fyrir flutning um frávisunarkröfu stefnda. Auk þess ber að dæma stefnda til að greiða virðisaukaskatt á málflutningsþóknun lögmanns stefnanda, 24,5% af kr. 300.000,00. Dæmdir verða dráttarvextir af málskostnaðarfjárhæð svo sem stefnandi krefst.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Kröfum stefnanda Kristins Sigurjónssonar á hendur stefndu Franska vörulistanum hf., Sigurjóni Guðbjörnssyni og Úlfari Nathanaelssyni er vísað frá dómi án kröfu.

Stefndi Kristján Óli Hjaltason greiði stefnanda, Kristni Sigurjóns-

syni, kr. 2.059.688,00 að viðbættum dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, 23% ársvöxtum frá 21. maí 1990 til 1. október 1990, en 21% ársvöxtum frá þeim degi til 12. febrúar 1991, en dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, frá þeim degi til greiðsludags. Skulu dráttarvextirnir lagðir við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 21. maí 1991.

Stefndi Kristján Óli Hjaltason greiði stefnanda kr. 303.300,00 í málskostnað auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun lögmanns stefnda, 24,5% af kr. 300.000,00. Málskostnaðarfjárhæðin skal bera dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 24/1987 frá 15. degi eftir uppsögu þessa dóms til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
